

Fundur 29.4.2024 Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir leikkona.

Góða kvöldið, komið þið sæl.

Góða kvöldið.

Ætlaði ég ekki að trúa því sem við mér blasti er ég opnaði augun, að ég var í efniskendum líkama og var fögnuðurinn mikill og gleðin.

Og blygðaðist ég mín að vísu undir berum himni án klæða og var það ánægjulegt að komast í þetta mikla vatn með þessum fagurlituðu steinum á botninum, sem glóði á, og fjölmargir í kringum mig, sem nutu aðhlyningar á sama hátt.

Var undrunin mikil og er ég enn þá að átta mig á umhverfinu og læra ýmislegt um lífið hér á þessum nýja stað og undrunarefnin eru fjölmörg og sífellt eitthvað nýtt sem hægt er að læra og undrast á.

Það var nú svo þegar ég var tekin að reskjast, það þótti ekki vísindalegt að trúa því að líf væri eftir dauðann, og var það svo að segja aðhlátursefni hjá sumum, en þó voru sem betur fer margir af þeim sem ég þekkti sem trúðu því að það væri framhald og ekki var hægt að útskýra það, en ekki þekkti ég þessa kenningu, þótt kannski hafi ég eitthvað af henni heyrt lauslega.

En listin fjallar nú ekki svo oft um hin stóru og markverðu tíðindi, heldur fjallar hún svo oft um innra líf mannsins og samskiptin sem fólk á sín á milli. Og hefði gjarnan mátt vera að listin hefði tekið á þessu mikla viðfangsefni og kynnt fyrir þjóðinni.

Hefði það verið ánægjulegt að taka þátt í slíku og verið mjög uppfræðandi.

Þess minnst ég þó að Halldór Laxness skrifaði Kristnihald undir jökli, og mun hann hafa byggt sumar persónur sínar á raunverulegum persónum og mun dr. Helgi Pjeturss hafa verið einn af þeim, en ekki gerði sú bók þessum kenningum góð skil, heldur aðeins sem furðulegum staðhæfingum.

Já hér er lífið gott og má segja að fögnuðurinn sé mjög mikill og minnki ekki og ég hlakka til að takast á við verkefni í þessu lífi og fjölmargir af þeim sem ég ber virðingu fyrir og bar virðingu fyrir í jarðlífinu gamla, eru hér og voru það fagnaðarfundir og kemur það mér æfinlega eins mikið á óvart að fólk er ungt, en ekki aldrað.

Þarf hér að endurraða hugmyndum og gera margt upp við sig á ný og breyta heimsmyndinni og gleðileg tíðindi til gamla Íslands.

Og vona ég að allir þeir sem af mér fréttu taki því vel, að hvernig þessi umskipti eru og þetta er mikill fagnaðarboðskapur og á ég eftir að segja frá ýmsum verkefnum sem hér eru í bígerð og maður sem ég hafði í hávegum á jörðinni, hefur skrifað hér leikrit sem.

Það er mér til hindrunar að ég hef ekki komið fram nafni mínu, get ég víst ekki talað við ykkur mikið lengur, en fagna ég að ég hafi komist í gegn og vil ég endilega að allir frétti að kenningar dr. Helga Pjeturss eru réttar og er þetta fögnuður mikill að hafa komið hér fram og réttar lýsingar.

Verð ég brátt að kveðja en vil ég koma fram nafni mínu, maður sá er ég minntist á, er hér orðinn virkur og vill einnig senda góðar kveðjur til fjölskyldu sinnar, og hefur hann náð sér úr þunglyndi sínu, Gísli Rúnar Jónsson og hefur hann hér skrifað nokkur ný leikverk, stutt og tek ég þátt í einum tveimur núna bráðlega, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir.

*Já, gaman að heyra í þér.*

Já gleður mig og mætti þetta gjarnan fréttast, þakka ég nú fyrir mig og kveð ég ykkur að sinni.

Er þetta ánægjulegt allt saman, verið þið sæl og þakka ég fyrir.

*Vertu sæl og þakka þér fyrir komuna.*

*Þakka þér fyrir og gangi þér sem best.*

*Bið að heilsa Gísla.*

Takk fyrir, takk fyrir, skila því.